

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 93/2003

frá 11. júlí 2003

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfis mál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2003 frá 16. maí 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 29. nóvember 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottaefni í uppþvottavélar og um breytingu á ákvörðun 1999/427/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi liður 2eq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB) verði liður 2eqa.
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2eqa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB):

„- **32003 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 29. nóvember 2002 (Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 11).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2epa (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/205/EB, niðurfelld):

„2eq. **32003 D 0031:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/31/EB frá 29. nóvember 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 31.7.2003, bls. 38 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 39, 31.7.2003, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 11.

umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottaefni í uppþvottavélar og um breytingu á ákvörðun 1999/427/EB (Stjtið. EB L 9, 15.1.2003, bls. 11).“

4. Liður 2eja (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB) falli niður frá og með 31. maí 2004.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2003/31/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Prins Nikulás af Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.